

13. janúar 2020

KaraConnect

Reynsla starfsmanna ungmennahússins Hamarsins að sálfræðiþjónustu

Eitt af því sem Ungmennaráð Hafnarfjarðar óskaði eftir við stofnun ungmennahús var að þar yrði aukið aðgengi unga fólksins að sálfræðiþjónustu.

Skoðaðir voru ýmsir möguleikar og var sannmælst um að ekki væri fýsilegt að hafa sálfræðing á staðnum en að rafræn þjónusta sem hægt væri að nálgast í gegnum ungmennahúsið og nota hvar sem er væri kostur og í anda unga fólksins.

Þjónustan fór í loftið í september 2019 og fram að jólum hafa fjórir einstaklingar beðið um að nýta þjónustuna. Það var smá lærdómstímabil í byrjun þar sem við vorum að átta okkur á hvernig KaraConnect kerfið virkar og tafðist því aðeins að byrja þjónustuna en á þeim tíma voru tveir sem fengu þjónustu á meðan í sálfræðiþjónustunni Berginu.

Í dag er Halldór Arnarsson, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni að þjónusta tvö ungmenni hjá okkur. Þau eru að mæta vel og nýta sér þjónustuna, eru ánægð með hana og Halldór er jákvæður um að þetta sé gott verkfæri til að auka aðgengi ungmenna að sálfræðiþjónustu.

Í Hamrinum erum við ennþá að fóta okkur en þóssum að unga fólkið viti af þessum möguleika og erum einmitt að fara byrja auglýsa aftur á nýju ári eftir að hafa að við teljum lært núna á kerfið. Ég er mjög ánægður með þróunina á þessari þjónustu og tel að notkunin muni aukast á árinu og með auknum sýnileika. Ég tel líklegt að ungmennin sem nýta sér þjónustuna í dag hefðu ekki leitað sér aðstoðar nema vegna þess að þjónustu var hægt að fá í gegnum okkur. Auk þess tel ég að auðvelt sé að yfirfæra þessa þjónustu á aðra samfélagsanga s.s. félagsmiðstöðvar, félagsheimili aldraðra og hvar svo sem við teljum okkur vera mynda traust við fólk og geta náð til þeirra sem þurfa á þessu að halda.

Kerfið býður upp á marga möguleika sem við erum ekki að nýta okkur en gætu verið gagnlegir annarstaðar og hvet ég til þess að þetta sé skoðað í stærra samhengi.



HAFNARFJÖRDUR

### John Friðrik Bond Grétarsson

Verkefnastjóri Hamarsins,  
ungmennahús Hafnarfjarðar  
Mennta- og lýðheilsusvið  
Suðurgata 14  
[johnbond@hafnarfjordur.is](mailto:johnbond@hafnarfjordur.is)  
585 5707 | 664 5707



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)